



SKULDBINDANDI SAMNINGAR - 5 SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

FEBRÚAR 2012

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGÐ SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTISS	5
1 INNGANGUR	6
2 SKULDBINDANDI SAMNINGAR SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTISS	7
2.1 Fjöldi, kostnaður og gildistími.....	7
2.2 Ákvæði skuldbindandi samninga	8
2.3 Eftirlit á samningstíma	8
2.4 Úttekt og endurskoðun samninga	10

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Á undanförunum árum hafa einstök fagráðuneyti gert fjölmarga samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um að þessir aðilar taki að sér tiltekin verkefni gegn greiðslum úr ríkissjóði. Ýmist standa fagráðuneytin eða stofnanir þeirra ein að samningunum eða með aðkomu annarra ráðuneyta. Í þessari úttekt Ríkisendurskoðunar er gerð grein fyrir könnun fjögurra samninga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem nefndir eru undir yfirskriftinni „Skuldbindandi samningar“ í frumvarpi til fjárlaga. Áætlaður kostnaður við þá var 11 ma.kr. á árinu 2011.

Ákvæði samninga er varða eftirlitshlutverk ráðuneytisins eru nokkuð ólík. Í öllum virkum samningum er kveðið á um samráð samningsaðila um verklagsreglur, gjaldskrá o.þ.h. en ákvæði um eftirlit ráðuneytis með framkvæmd samnings eru aðeins í helmingi samninga. Þar sem allir samningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis gilda lengur en eitt ár vekur athygli að aðeins helmingur þeirra er með ákvæði um úttekt á samningstíma. Þá hefur enginn samningur ákvæði um úttekt undir lok samningstíma. Ráðuneytið tekur undir þá skoðun Ríkisendurskoðunar að rétt sé að gera skýra kröfu í samningum um úttekt á einstökum verkefnum og meðferð fjármuna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti hefur unnið að því að skerpa á framkvæmd samninga og auka gagnsæi með því að herða eftirlit, setja ítarlegri reglugerðir og birta verklagsreglur. Verklag vegna samstarfs ráðuneytisins við Bændasamtök Íslands er í ákveðnu ferli en verklagsreglur um samningamál og eftirlit hafa ekki verið skjalfestar. Ríkisendurskoðun telur að úr þessu þurfi að bæta.

ÁBENDINGAR TIL SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIS

1. SKJALFESTA ÞARF VERKLAGSREGLUR VEGNA SAMNINGAMÁLA

Mikilvægt er að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti setji sér skýrar verklagsreglur um gerð samninga, umsjón og eftirlit með þeim þar sem meðal annars verði tekið á meðferð upplýsinga frá samningsaðilum og endurgjöf þeirra komið í formlegri farveg. Skjalfesta þarf hver fer með eftirlit með samningum, hvað felst í því og hvernig því skuli sinnt.

2. SAMRÆMA ÞARF ÁKVÆÐI SKULDBINDANDI SAMNINGA

Skilgreina þarf hlutverk og aðkomu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis að umsömdum verkefnum sem og eftirlit þess með framkvæmd samninga með skýrum og samræmdum hætti í samningum. Með því að samræma ákvæði skuldbindandi samninga má bæta samningsgerð og efla eftirlit.

**ÁÆTLAÐUR
KOSTNAÐUR VIÐ
FJÓRA SAMNINGA
11 MA.KR. Á ÁRINU
2011**

**ENGINN SAMNINGUR
MEÐ ÁKVÆÐI UM
ÚTTEKT UNDIR LOK
SAMNINGSTÍMA**

**VERKLAGSREGLUR
HAFA EKKI VERIÐ
SKJALFESTAR**

3. MÓTA ÞARF REGLUR UM ÚTTEKTIR OG ENDURSKOÐUN Á SAMNINGSTÍMA

Efla þarf eftirlit og eftirfylgni með langtímasamningum með reglulegum úttektum á samningstíma. Mikilvægt er að gera viðeigandi breytingar á samstarfi bendi reynsla af framkvæmd samnings til þess að breyta þurfi áherslum. Fylgjast þarf með því á samningstíma hvernig fjárframlagi ríkisins er ráðstafað, hvort unnið er í samræmi við samning og hvort markmiðum sé náð.

4. GERA Á ÚTTEKTIR Á SAMNINGUM UNDIR LOK SAMNINGSTÍMA

Bæta má ákvörðunartöku um framhald samstarfs með því að styðjast við niðurstöður formlegra úttekta undir lok samningstíma þar sem lagt er mat á framkvæmd samnings, meðferð fjárframlaga ríkisins og þann árangur sem náðist. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti þarf að setja verklagsreglur um úttektir undir lok samningstíma og efla þannig samningsgerð og eftirlit. Kröfu um slíkar úttektir ætti jafnframt að setja fram með skýrum hætti í samningum.

VIÐBRÖGÐ SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIS

Ráðuneytið fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar og telur að gagnlegt sé að fá ábendingar og/eða athugasemdir sem þessar.

Ráðuneytið tekur undir þær ábendingar sem koma fram í niðurstöðum og ábendingum og mun leitast við að verða við þeim tilmælum sem þar koma fram, eftir því sem við á.

1 INNGANGUR

FJÓRÐUNGUR SAMNINGA VAR ÚTRUNNINN

Í úttektum sínum hefur Ríkisendurskoðun iðulega orðið þess áskynja að bæta þurfi meðferð samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera við samtök, einkaaðila eða sveitarfélög um tiltekin verkefni. Þá hafa þingmenn lýst áhuga á því að fá upplýsingar um umfang framlaga, hvernig þeim er ráðstafað og hvernig eftirliti með samningum er háttað. Ákveðið var að kalla eftir afritum allra rekstrar- og þjónustusamninga ríkisins í árslok 2010 og leiddi yfirferð þeirra í ljós að um fjórðungur samninga sem greitt var eftir á árinu 2011 var útrunninn.

MEGINÁHERSLAN AÐ KANNA HVORT ÁKVÆÐUM SAMNINGA ER FYLGT

Í kjölfarið ákvað stofnunin að skoða nánar framkvæmd, eftirlit og eftirfylgni ráðuneyta með tilteknum flokki samninga sem skilgreindur er sem „skuldbindandi samningar“ í fjárlögum. Þess ber að geta að ráðuneytin fara með yfirstjórn mála sem undir þau heyra, marka stefnu og hafa eftirlit með fjárreiðum stofnana sinna. Með þessari úttekt er leitast við að fá yfirsýn um stöðu mála, m.a. hve mikið er um að greitt sé eftir útrunnum samningum, hvernig eftirlitshlutverk er skilgreint í samningum og hvernig ráðuneyti sinna samningamálum. Við úttektina er m.a. stuðst við reglugerðir¹ um samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera en ekki er lagt mat á það hvort ákvæði í samningum séu tæmandi eða viðeigandi lýsing á eftirlitshlutverki ráðuneyta og stofnana þeirra. Í úttektinni er lögð megináhersla á að kanna hvort starfað er í samræmi við ákvæði samninga.

Ráðherrum er heimilt að gera rekstrar- og þjónustusamninga við samtök, einkaaðila eða sveitarfélög um verkefni sem heyra undir ráðuneyti þeirra. Ýmist gerir ráðherra slíka samninga einn og sér eða í samstarfi við aðra ráðherra. Þá geta ráðherrar gert samninga ásamt fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti í A-hluta ríkissjóðs, ber stofnun að leita skriflegrar heimildar fjármálaráðuneytis og viðkomandi fagráðuneytis fyrir öllum skuldbindingum til lengri tíma en 90 daga. Henni er jafnframt óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum án þess að fyrir liggja heimild í lögum eða samþykki ráðuneytis.

FIMMTI HLUTI ÚTTEKTAR Á SKULDBINDANDI SAMNINGUM

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir er fimmti hluti úttektar Ríkisendurskoðunar á skuldbindandi samningum einstakra ráðuneyta. Vinna við sambærilegar athuganir hjá öðrum ráðuneytum er hafin og verða niðurstöður þeirra gerðar opinberar þegar þær liggja fyrir.

Ríkisendurskoðun þakkar öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.

¹ Reglugerð nr. 262/1999 um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum um verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

2 SKULDBINDANDI SAMNINGAR SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

2.1 FJÖLDI, KOSTNAÐUR OG GILDISTÍMI

Á undanförunum árum hafa einstök fagráðuneyti gert fjölmarga skuldbindandi samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um tiltekin verkefni. Í þessari úttekt er sjónum eingöngu beint að fjórum samningum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis sem skilgreindir eru í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“ í fjárlögum og voru virkir á árinu 2011 (sbr. töflu 2.1). Með virkum samningum er átt við samninga sem greitt var eftir á árinu 2011, hvort sem gildistími þeirra var útrunninn eða ekki.

FJÓRIR VIRKIR
SAMNINGAR Á ÁRINU
2011

2.1 Samningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 2011 (M.KR.)	GILDISTÍMI
SAMNINGUR UM MJÓLKURFRAMLEIÐSLU	5.811	2005–2014
SAMNINGUR UM SAUÐFJÁRFRAMLEIÐSLU	4.307	2008–2015
SAMNINGUR VIÐ SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA	483	2002–2013
SAMNINGUR VIÐ BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS	394	2011–2012
SAMTALS	10.995	

Samningarnir uppfylla ákvæði sem um getur í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og búnaðarlögum nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast greiðslur til einstakra bænda vegna búvörusamninga (samningar um mjólkurframleiðslu, sauðfjárframleiðslu og starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða). Greiðslurnar byggja á beingreiðslurétti eða framleiðslumagni á grundvelli samningsákvæða, reglugerða sem ráðuneytið hefur sett og samþykktum verklagsreglum Bændasamtaka Íslands. Markmið samninganna eru meðal annars að efla og þróa greinarnar, stuðla að nýliðun og hagræðingu, bæta samkeppnishæfni og lækka vöruverð.

Samningur við Bændasamtök Íslands er um verkefni sem samtökin sinna fyrir ríkið, svo sem ráðgjafarþjónustu, markaðsverkefni og þróunarverkefni.

Ríkisendurskoðun telur að kanna þurfi hvort þeir fjórir samningar sem gefnir eru upp í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“ í frumvarpi til fjárlaga veiti fullnægjandi upplýsingar um skuldbindingar ráðuneytisins. Stofnunin bendir meðal annars á að kanna þurfi hvort rétt væri að tilgreina þjónustusamning sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við Matis ohf. um öryggisþjónustu, rannsóknir og nýsköpun í yfirlitinu. Samningurinn hefur undanfarin ár verið endurnýjaður árlega. Samið er um rúmlega 400 m.kr. árlegt framlag ríkisins, tæplega 300 m.kr. eru vegna öryggisþjónustu og gildir sá hluti samningsins til sex ára.

2.2 ÁKVÆÐI SKULDBINDANDI SAMNINGA

Úttekt Ríkisendurskoðunar á skuldbindandi samningum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis einskorðaðist við eftirlitshlutverk þess og var ákvæðum samninga skipt í flokka (sbr. töflu 2.2). Af yfirlitinu að dæma er ljóst að samræma þarf upplýsingar sem fram koma í samningum ráðuneytisins. Í öllum samningum er kveðið á um samráð samningsaðila en í aðeins helmingi þeirra eru ákvæði um úttekt á samningstíma, skilgreiningu viðmiða/mælikvarða (til dæmis vegna greiðslumarka) og eftirlit ráðuneytis með framkvæmd samnings. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að samræma ákvæði samninga. Slík samræming stuðlar að bættri samningsgerð og einfaldar og auðveldar um leið bæði eftirlit og eftirfylgni með samningum.

2.2 Hlutfall virkra samninga með ákvæðum um eftirfarandi atriði

SAMRÁÐ UM VERKLAGSREGLUR, GJALDSKRÁ O.Þ.H.	100%
SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLUM	75%
UPPLÝSINGAR UM REKSTUR	75%
EFTIRLIT RÁÐUNEYTISS MEÐ FRAMKVÆMD SAMNINGS	50%
SKILGREINING VIÐMIÐA/MÆLIKVARÐA	50%
ÚTTEKT Á SAMNINGSTÍMA	50%

Allir samningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis gilda lengur en eitt ár og er gildistími þeirra að meðaltali rúmlega sjö ár. Engu að síður er aðeins helmingur þeirra með ákvæði um úttekt á samningstíma. Þá vekur athygli að enginn samningur er með ákvæði um úttekt undir lok samningstíma. Einn samningur hefur skýr ákvæði um endurskoðun þegar gildistími hans er um það bil hálfnaður. Í þremur samningum kemur fram að samningsaðilar geti farið fram á viðræður um endurskoðun samninga eða á einstökum efnisatriðum þeirra.

2.3 EFTIRLIT Á SAMNINGSTÍMA

Ráðuneytið fylgir föstu verklagi í samskiptum sínum við Bændasamtök Íslands en verklagsreglur um samningamál hafa ekki verið skjalfestar. Eins og áður segir annast Bændasamtök Íslands greiðslur til bænda á grundvelli búvörusamninga í samræmi við samkomulag samtakanna og ráðuneytisins. Um framkvæmdina gilda ákvæði stjórn-sýslulaga, upplýsingalaga og almennar meginreglur stjórn-sýsluréttar. Í upphafi hvers árs leggja samtökin fram greiðsluáætlun fyrir árið sem byggir á reglugerðum og/eða verklagsreglum um greiðslur. Ráðuneytið staðfestir áætlunina að lokinni yfirferð þar sem gengið er úr skugga um að hún sé samkvæmt reglum og í samræmi við fjárlög. Mánaðarlegar greiðslubeiðnir eru sendar til Fjársýslu ríkisins í samræmi við samþykka

greiðsluáætlun og stemmir ráðuneytið greiðslurnar af jafnóðum. Ráðuneytinu berast ársreikningar Bændasamtaka Íslands sem og skilagreinar um uppgjör einstakra samninga eða verkefna. Árlega skila samtökin yfirliti um fjárhæðir sem greiddar voru á grundvelli samninganna og eru gögnin yfirfarin í ráðuneytinu. Samráð stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands fer fram í Framkvæmdanefnd búvörusamninga en í henni sitja fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Bændasamtakanna og hagsmunaaðila, þ.e. garðyrkjubænda, kúabænda og sauðfjárbænda. Á samráðsfundum er meðal annars farið yfir framkvæmd samninga, stefnumarkandi atriði rædd og hugsanleg álitamál. Þá eru einnig haldnir fundir með embættismönnum og með ráðherra þegar það á við.

Í helmingi samninga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis er sérstaklega tekið fram að ráðuneytið skuli hafa eftirlit með framkvæmd samninga. Samkvæmt upplýsingum þess hefur það á undanförunum árum „hert eftirlit, sett ítarlegri reglugerðir, birt verklagsreglur og gert samninga í þeim tilgangi að skerpa framkvæmd og auka gagnsæi. Þetta hefur meðal annars verið gert eftir ábendingar sem komið hafa fram frá Ríkisendurskoðun“. Ríkisendurskoðun fagnar þessum skrefum ráðuneytisins. Mikilvægt er að ákvæði um eftirlit með framkvæmd samninga séu sambærileg og eftirliti með þeim sinnt með samræmdum hætti.

UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI

Í þremur af fjórum virkum samningum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis er kveðið á um að það skuli reglulega fá upplýsingar um starfsemi samningsaðila, til dæmis ársreikninga og yfirlit um heildarfjárhæðir greiddra framlaga ásamt sundurliðun á viðtakendur og verkefni. Feli ákvæði samninga í sér einhvers konar samþykkt ráðuneytis á upplýsingum er mikilvægt að yfirfara þau gögn sem berast. Sé það ekki gert getur það orðið til þess að ráðuneytið greiði óafvitandi fyrir þjónustu sem ekki er í samræmi við samning. Sendi aðili á samningstíma umsamin gögn sem fela í sér upplýsingar um að starfsemi sé með öðrum hætti en um var samið getur orðið erfitt að sækja bætur vegna samningsbrota hafi ráðuneytið ekki yfirfarið gögnin og gert viðeigandi athugasemdir.

Ekki eru til skjalfestar verklagsreglur um meðferð upplýsinga frá samningsaðilum en ráðuneytið lýsir verklagi sínu meðal annars með eftirfarandi hætti:

Að minnsta kosti árlega eða svo oft sem þurfa þykir fær ráðuneytið upplýsingar og gögn er varða viðkomandi samninga. Gögnin eru yfirfarin af viðkomandi sérfræðingi/embættismanni eða mönnum, eftir því hvers eðlis verkefni eru.

Ekki er byggt á föstu ferli eða verklagi við mat á upplýsingum frá samningsaðilum og ráðuneytið skilar þeim ekki mati á innsendum upplýsingum. Ríkisendurskoðun telur að skjalfesta þurfi verklagsreglur um samningamál og eftirlit ráðuneytisins þar sem meðal annars verði tekið á meðferð upplýsinga frá samningsaðilum og endurgjöf þeirra komið í formlegri farveg.

**RÁÐUNEYTIÐ HEFUR
UNNIÐ AÐ ÞVÍ AÐ
SKERPA FRAMKVÆMD
OG AUKA GAGNSÆI**

**KOMA ÞARF MED-
FERÐ UPPLÝSINGA OG
ENDURGIÖF Í
FORMLEGRI FARVEG**



Samningur um mjólkurframleiðslu hefur ekki ákvæði um upplýsingaskil. Ráðuneytið segir nauðsynlegt að taka tillit til eðlis greiðslna þegar ákvörðun er tekin um að óska eftir upplýsingum um rekstur/framlög. Heildarútreikningur vegna beingreiðslna fyrir mjólk er yfirfarinn og staðfestur þegar hann liggur fyrir. Í samningum um sauðfjárframleiðslu og við garðyrkjubændur er kveðið á um árleg skil yfirlits með sundurliðuðum upplýsingum um viðtakendur, fjárhæðir og verkefni. Skil á slíkum upplýsingum veita samningsaðilum visst aðhald og eru að mati Ríkisendurskoðunar góð leið til þess að hafa eftirlit með framkvæmd samnings.

SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLUM

Í 75% virkra samninga eru sett tiltekin skilyrði fyrir greiðslum, til dæmis að greitt sé fyrir tilgreindan fjölda eða ákveðið hámark sett á greiðslur úr ríkissjóði. Tenging greiðslna við skilgreinda frammistöðu samningsaðila, svo sem gæði þjónustu, framvindu verkefnis eða hvort markmið samnings náist, stuðlar að því að aðeins sé greitt fyrir starfsemi sem stenst tilskildar kröfur.

Greiðslur samkvæmt samningunum eru byggðar á reglugerðum og verklagsreglum. Umtalsverð reynsla er af framkvæmdinni sem er að mati ráðuneytisins tiltölulega einföld og hefur reynst vel. Reynsla ráðuneytisins er sú að Bændasamtök Íslands hafi kappkostað að hafa framkvæmdina í góðu lagi. Þá hefur ráðuneytið lagt áherslu á að bæta verkferla og utanumhald vegna umsýslu með fjármuni og leitast við að breyta verklagi, meðal annars eftir ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Í þeim tilfellum þar sem greiðslur taka mið af magni er byggt á upplýsingum afurðastöðva en búfjárefirlit er á ábyrgð Matvælastofnunar sem sannreynir þær upplýsingar sem tengjast greiðslum. Stofnunin heldur skrár um greiðslumörk lögbýla og handhafa beingreiðslna. Ráðuneytið telur að reglugerðir og verklagsreglur um gæðastýringar og skilyrði greiðslna tryggja að rétt sé farið með framlög ríkisins. Einstakir bændur fá ekki greiddar beingreiðslur eða styrki nema þeir uppfylli ákveðin skilyrði, til dæmis að eiga greiðslumark í mjólk eða kjöti.

2.4 ÚTTEKT OG ENDURSKOÐUN SAMNINGA

Helmungur samninga ráðuneytisins hefur ákvæði um úttekt á samningstíma, enginn þeirra hefur ákvæði um úttekt undir lok samningstíma og aðeins einn samningur hefur ákvæði þar sem skýrt er kveðið á um endurskoðun einu sinni á samningstíma. Í öðrum samningum eru óljós ákvæði um endurskoðun óski samningsaðilar eftir því. Í ljósi þess að allir samningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis gilda lengur en eitt ár vekur athygli hve lágt hlutfall samninga með ákvæði um úttektir á verkefnum og meðferð fjárframlags ríkisins á samningstíma.

Framkvæmd samnings við Samband garðyrkjubænda var tekin út á árinu 2006 í samræmi við ákvæði hans. Þá hafa verið unnar ítarlegar skýrslur um mjólkurframleiðslu, meðal annars árið 2004: *Stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu*. Úttekt á framkvæmd samnings um mjólkurframleiðslu hefur ekki farið fram þrátt fyrir ákvæði þar um. Ráðuneytið segir hvorugan samningsaðila hafa óskað eftir því að úttekt fari fram en að breytingar hafi verið gerðar á samningnum árið 2009 vegna skerðingar á

beingreiðslum til bænda í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Þá ber að nefna að Ríkisendurskoðun hefur undanfarin ár unnið úttektir á búvörusamningum að beiðni ráðuneytisins.

Í meirihluta samninga er endurskoðun á samningstíma háð því að samningsaðilar óski eftir því að hún fari fram. Ráðuneytið segir að fara verði varlega í það að setja ákvæði um endurskoðun í samninga þar sem þeir varði grundvallarhagsmuni einnar atvinnugreinar. Ríkisendurskoðun getur fallist á það mat ráðuneytisins en hvetur þó til þess að úttektir verði gerðar á framkvæmd langtímasamninga á samningstíma þeirra. Slík yfirferð veitir meðal annars upplýsingar um það hvernig fjárframlagi er ráðstafað, hvort unnið sé í samræmi við samning og hvort markmiðum sé náð. Niðurstöður hennar gætu bent til þess að endurskoða þyrfti samning. Slík endurskoðun yrði að öllum líkindum til þess að bæta framkvæmd samnings.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir upplýsingum um það hvers vegna ekki sé gerð krafa um það í samningum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis að úttekt á verkefnum og meðferð fjármuna ríkisins fari fram undir lok samningstíma. Ráðuneytið bendir á að þrátt fyrir að ákvæði samninga hafi ekki tilgreint að slíkar úttektir skuli fara fram þá hafi þær oft verið gerðar. Ráðuneytið tekur þó undir þá skoðun Ríkisendurskoðunar að rétt sé að „taka af öll tvímæli og rita kröfu um úttekt á einstökum verkefnum inn í hvern samning“. Stofnunin fagnar þessu mati ráðuneytisins og vonast til þess að ákvæði af þessu tagi verði hér eftir í nýjum samningum ráðuneytisins.

**ÚTTEKTIR Á
SAMNINGSTÍMA
MIKILVÆGAR**

**RÉTT AÐ TILGREINA
KRÖFU UM ÚTTEKT Í
ÖLLUM SAMNINGUM**